

Nd.

29. Frumvarp

til laga um rekstrarlánafélög fyrir bátaútveg og smáiðju.

Flutningsm.: Jóhann Jósefsson, Ólafur Thors, Jón Ólafsson,
Hákon Kristófersson, Jón Sigurðsson, Pétur Ottesen, Jón Auðunn Jónsson.

1. gr.

Rekstrarlánafélög samkvæmt lögum þessum eru félög bátaútvegsmanna, smærri iðnaðarmanna eða smærri iðjurekenda, sem stofnuð eru og starfrækt með þeim tilgangi að útvega félagsmönnum lán til atvinnurekstrar. Þau skulu stofnuð og starfrækt samkvæmt lögum um samvinnufélög, með skyldum og réttindum samvinnufélaga, þó með þeim afbrigðum, er hér segir:

- a. Félagsmenn skulu allir vera búsettir í sama byggðarlagi og mega ekki vera færri en 6 og ekki fleiri en 30. Þó mega félagar vera fleiri, ef þeir eru allir innan sama hrepps.
- b. Stjórn félagsins skal skipuð 3 mönnum, formanni og 2 meðstjórnendum. Kjörtími stjórnenda skal eigi vera lengri en 2 ár, og er löglegt, að meiri hluti stjórnarinnar gangi úr á sama ári. Annar endurskoðandi félagsins skal kosinn af félaginu á venjulegan hátt, en hinn skipaður af stjórn peningastofnunar þeirrar, er félagið skiptir við um rekstrarlán.
- c. Félagsmenn ábyrgjast einn fyrir alla og allir fyrir einn allar skuldbindingar félagsins gagnvart lánveitanda.
- d. Í varasjóð félagsins skal greiða árlega eigi minna en svarar $\frac{1}{2}\%$ ársvöxtum af öllum útlánnum félagsins. Allur tekjuafgangur félagsins rennur í varasjóð.
- e. Félagismaður getur jafnan sagt sig úr félaginu með 6 mánaða fyrirvara til næstu áramóta, en ábyrgð hans á skuldbindingum félagsins eins og þær eru eða verða um þau áramót gildir þó aldrei lengur en til næstu áramóta eftir að hann gekk úr félaginu.
- f. Við félagsslit má verja varasjóði til lúkningar skuldbindingum félagsins að svo miklu leyti, sem þörf er, til þess að síðustu félagsmenn þurfi ekki hver fyrir sig að standa straum af öðrum skuldbindingum en þeim, sem stafa af viðskiptum hvers þeirra. Að því leyti, sem ekki er þörf á varasjóðnum í þessu skyni, fer um hann við félagsslit eftir ákvæðum laga um samvinnufélög.
- g. Undirskrift formanns og annars meðstjórnanda skuldbindur félagið.

2. gr.

Þegar eftir hvern aðalfund skal félagsstjórnin senda stjórn peningastofnunar þeirrar, er félagið skiptir við, afrit af endurskoðuðum reikningum félagsins fyrir umliðið ár, með athugasemdum endurskoðendanna, svörum reikningshaldara og úrskurði aðalfundar. Ennfremur skal senda nafnaskrá félagsmanna og stjórnenda félagsins og tilkynningar um breytingar á samþykktum félagsins.

3. gr.

Stjórn félagsins ákveður hámark rekstrarláns fyrir hvern félagsmann í samráði við endurskoðendur fyrir eitt ár í senn. Lánsfjárhæð skal miða við atvinnurekstur félagsmanna, lánsþörf og greiðslugetu. Rekstrarlán hvers einstaks félagsmanns má aldrei fara fram úr 4000 kr. Lán má ekki veita utanfélagsmönnum.

4. gr.

Hver félagsmaður setur félaginu fullt veð eða aðra tryggingu, er félagsstjórnin telur fullnægjandi, fyrir rekstrarláni sínu eins og það kann að vera á hverjum tíma.

5. gr.

Lán þau, er félögin veita félagsmönnum sínum, skulu vera reikningslán. Reikningslán má veita til 1 árs í senn og greiðist þá að fullu, ásamt áföllnum vöxtum, á þeim gjalddaga, sem ákveðinn er í samþykktum félagsins. Hver félagsmaður sé skuldlaus einu sinni á ári, um gjalddaga þess. Félagsmaður, sem ekki stendur í skilum við félagið, skal vikja úr félaginu. Lánsfélag, sem ekki stendur í skilum við lánsstofnunina, má svipta rekstrarláni næsta ár, eða lengur, ef miklar sakir eru til.

6. gr.

Heimili og varnarþing rekstrarlánafélags má vera í kaupþúni, þar sem félagsmenn hafa aðalviðskipti sín, þótt það sé utan félagssvæðisins. Peningastofnun sú, sem veitir rekstrarlánafélagi lán, skal án sérstaks endurgjalds halda reikning yfir reikningslánsviðskiptin við hvern einstakan félagsmann og reikna út fyrir hvern gjalddaga vexti þá, er hverjum félagsmanni ber að greiða, en félagsstjórnin annast greiðslu vaxtanna í einu lagi.

7. gr.

Stjórn rekstrarlánafélagsins skal í byrjun hvers árs senda sýslumanni, bæjarfógeta eða lögmanni nafnaskrá yfir félagsmenn, og skal hún jafnan vera til sýnis þeim, er þess óska, í skrifstofu embættisins.

8. gr.

Til þess að tryggja rekstrarlánafélögum, samkvæmt þessum lögum, startsfé, skal ríkisstjórnin ábyrgjast allt að 2 millj. króna reikningslán frá ári til árs, eða taka allt að þessari upphæð að láni í þessu skyni, til handa rekstrarlánaeild Fiskiveiðasjóðs Íslands, ef sett verða lög, er heimili Fiskiveiðasjóðnum slíka starfsemi, ella annari peningastofnun, er fjármálaráðherra ákveður.

9. gr.

Af fé því, sem ræðir um í 8. gr., veitir Fiskiveiðasjóður Íslands, eða sú peningastofnun, sem hefir það með höndum, lán til sparisjóða, banka og bankaútibúa utan Reykjavíkur, með þessum skilyrðum:

- a. Peningastofnanir þessar mega eingöngu nota féð til þess að lána það út til rekstrarlánafélaga samkvæmt þessum lögum.
- b. Þær endurgreiða lánin, ásamt vöxtum, á tilsettum gjalddaga.
- c. Vextir miðist á hverjum tíma við lánskjörin á láni því, er um ræðir í 8. gr., að viðbættri framfærslu, er fjármálaráðherra ákveður.

10. gr.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um rekstrarlánafélög þau, er hér um ræðir, og gefið út leiðbeinandi fyrirmyndir að samþykktum slíkra félaga.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á þinginn 1928 báru Sjálfstæðismenn í efri deild fram frv. nm atvinnurekstrarlán fyrir atvinnurekendur. Frv. þetta var tafið svo, að það varð ekki útrætt. Á síðasta þingi flutti stjórnin frv. sama efnis, en því var aðeins ætlað að ná til þeirra, er landbúnað stunda. Tillögur komn fram um að frv. næði einnig til bátaútvegsmanna, eo þær vorn felldar. Það liggur í hlutarins eðli, að þörf bátaútvegsmanna og iðnrekenda fyrir atvinnurekstrarlán er engn minni en sveitabænda, og hvorirtveggja eiga allajafnan mjög erfitt með að afla sér nauðsynlegs rekstrarfjár. Úr þessn viljum vér bæta með ákvæðum frv., og þá jafnframt setja nauðsynleg tryggingarákvæði um sjálfan félagsskapinu. Að öðru leyti verður gerð nánari grein fyrir frv. í framsögu.